

Um hugmyndafræðileg álitæfni og tengsl fræða og starfs

Guðrún Pálmadóttir og Snæfríður Þóra Egilson (ritstjórar). (2011). *Iðja, heilsa og velferð: Iðjuþjálfun í íslensku samfélagi*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri. 226 bls.

Bókin *Iðja, heilsa og velferð: Iðjuþjálfun í íslensku samfélagi* inniheldur áhugaverðar greinar um hugmyndir, sögu og hlutverk iðjuþjálfunar og iðjufræða á Íslandi. Bókin fjallar um hugmyndafræðilegar og atvinnutengdar áskoranir greinarinnar og þorstinn eftir viðurkenningu á þekkingu og aðferðum iðjuþjálfunar er greinilegur. Hún varpar auk þess ljósi á þá margvíslegu þjónustu sem iðjuþjálfar inna af hendi fyrir skjólstæðinga og fjölskyldur þeirra. Ritstjórnir, þær Guðrún Pálmadóttir og Snæfríður Þóra Egilson, starfa við Iðjuþjálfunarfræðideild Heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri. Þær hafa greinilega sinnt ritstjórninni af alúð. Höfundar greinanna eru fjórtán konur, sem allar eru iðjuþjálfar að mennt. Sumar skrifa fleiri en eina grein. Flestir höfundanna hafa próf frá erlendum háskólum, en kennsla í iðjuþjálfun hófst við Heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri haustið 1997. Námið er 4ra ára háskólanám, sem leiðir til B.S.-gráðu í iðjuþjálfunarfræði og starfsréttinda sem iðjuþjálfari.

Þótt iðjuþjálfun sé ung háskólagrein hér á landi hafa iðjuþjálfar starfað hér um alllangt skeið. Fyrsti iðjuþjálfinn, Jóna Kristófersdóttir, hóf störf á Kleppsspítala árið 1945, en starf hennar flokkaðist þá sem „sjúkrakennsla“ (bls. 40). Það liðu svo tveir áratugir þar til annar iðjuþjálfari kom hér til starfa, en það var Kristín Tómasdóttir sem starfaði á Akureyri. Á árunum 1974–1975 störfuðu átta iðjuþjálfar á Íslandi, en frá þeim tíma hefur þeim fjölgað jafnt og þétt, einkum á sjúkrahúsum og endurhæfingarstöðvum. Við útkomu bókarinnar voru starfandi iðjuþjálfar hér á landi um það bil 225. Iðjuþjálfafélag Íslands (ÍFÍ) var formlega stofnað hinn 4. mars 1976 og iðjuþjálfun varð lögverndað starfsheiti árið 1977.

UPPBYGGING BÓKARINNAR

Bókinni er skipt í tvo hluta. Fyrri hlutinn nefnist *Hugmyndir, saga og hlutverk* og fjallar á áhugaverðan hátt um sögu og þróun iðjufræða og iðjuþjálfunar hér á landi og erlendis og um hugmyndafræðilega sýn og togstreitu ólíkra sjónarhorna sem takast á í fræðunum. Fjallað er um gagnvirk tengsl iðju og heilsu og um hlutverk iðjuþjálfunar í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Fyrri hluti bókarinnar skiptist í fjóra kafla:

Kafla 1, *Iðja og heilsa*, er skrifaður af Kristjönu Fenger og Guðrúnu Pálmadóttur. Þar er fjallað um helstu kjarnahugtök iðjuþjálfunar og iðjuvísinda og um tengsl iðju og heilsu. Í kaflanum segir m.a.: „Innan iðjuþjálfunar er almennt litið á iðju sem allt það sem fólk tekur sér fyrir hendur í þeim tilgangi að annast sig og sína, njóta lífsins og leggja sitt af mörkum til samfélagsins“ (bls. 22). Hugtakið iðja, sem hefur bæði hlutlægar, huglægar og félagslegar víddir, er þannig umfangsmikið og endurspeglar breiðan starfsvettvang iðjuþjálfara.

Kafla 2, *Saga iðjuþjálfunar á Íslandi*, er einnig skrifaður af Guðrúnu Pálmadóttur en meðhöfundur hennar er Lilja Ingvarsson. Þó að mest sé fjallað um þróun iðjuþjálfunar hér á landi er einnig fjallað um þróun greinarinnar í alþjóðlegu samhengi. Hún er talin hefjast á fyrri hluta 19. aldar og tengjast „mannúðarsjónarmiði“ í meðferð geðsjúkra (bls. 37). Fram kemur að það var í tengslum við umfjöllun Helga Tómassonar geðlæknis í *Læknablaðinu* árið 1936 um jákvæð áhrif vinnu og alhliða iðju á sál og líkama sem iðjuþjálfunar er fyrst getið hér á landi.

Kafla 3, *Hlutverk og starfsvettvangur*, skrifa þær Sigríður K. Gísladóttir og Þóra Leósdóttir. Eins og yfirskrift kaflans ber með sér er þar fjallað um starf iðjuþjálfans, sem „felst í því að vinna með skjólstæðingum sínum við að efla færni þeirra og þátttöku og stuðla þannig að auknu sjálfstæði og lífsfyllingu“ (bls. 55). Fram kemur að iðjuþjálfar vinna, í samvinnu við skjólstæðinga, við heilsuefningu og forvarnir jafnt sem hæfingu og endurhæfingu.

Kafla 4, sem nefnist *Umhverfi og þátttaka*, skrifar Snæfríður Egilson. Hún lýsir því hvernig sýn iðjuþjálfara var lengi vel líflæknisfræðileg, en beinist smám saman meira að umhverfinu. Höfundurinn telur mikilvægt að iðjuþjálfar fylgi þessari þróun, hverfi frá því að greina ástand skjólstæðinga sem einstaklingsvandamál og horfi þess í stað á samspil einstaklings, umhverfis og iðju.

Seinni hluti bókarinnar nefnist *Þjónusta iðjuþjálfara* og fjallar um fjölbreyttan starfsvettvang iðjuþjálfara. Þessi hluti skiptist í átta undirkafla (kafla 5–12).

Kafla 5, *Greining iðju og athafna*, er skrifaður af Sigrúnu Garðarsdóttur og Kristjönu Fenger. Þar kemur fram að iðjuþjálfar greina það sem „fólk tekur sér fyrir hendur, hvaða þýðingu það hefur og hvernig til tekst“ (bls. 87). Kaflinn fjallar um þrjár tegundir greiningar sem höfundar telja að falli vel að íslensku umhverfi, þ.e. iðjugreiningu, þar sem fjallað er um fólk sem „iðjuverur“, framkvæmdagreiningu, sem fjallar um það hvernig fólk tekst á við verk og verkgreiningu, sem fjallar um ólík verkþrep, kröfur til geranda og tækifæri til eflingar.

Kafla 6 nefnist *Skjólstæðingsmiðað starf með einstaklingum og fjölskyldum*. Höfundar hans eru Guðrún Pálmadóttir og Snæfríður Þóra Egilson, ritstjórar bókarinnar. Þær

fjalla um aukna áherslu iðjuþjálfra á skjólstæðings- og fjölskyldumiðaða þjónustu. Með því er átt við þjónustu sem miðar að því að einstaklingar og fjölskyldur þeirra taki, í samvinnu við iðjuþjálfra, beinan þátt í að skilgreina vandamálið eins og það lýtur að skjólstæðingnum og fjölskyldu hans og finni úrlausnir við hæfi. Þrátt fyrir aukna áherslu í þessa veru benda höfundar á athyglisverðar hindranir í vegi þessarar þróunar. Þar má nefna togstreitu á milli líflæknisfræðilegs- og félagslegs sjónarhorns, tímapressu og óljós valdahlutföll.

Kaflí 7, *Þjónustuferli og fagleg rökleiðsla*, er einnig skrifaður af Guðrúnu Pálmadóttur. Kaflinn dregur upp mynd af þjónustuferli iðjuþjálfra, sem byggist á „hugmyndafræðilegri sýn, faglegri rökleiðslu og samstarfi“ (bls. 122). Einnig er fjallað um fimm tegundir rökleiðslu: Aðferðafræðilega rökleiðslu sem er hlutstæð og áþreifanleg; lífs-sögurökleiðslu sem byggist á upplifun skjólstæðingsins; samskiptarökleiðslu sem er aðallega byggð á skjólstæðingsmiðaðri nálgun; síðfræðilega rökleiðslu sem spyr hvað réttast sé að gera miðað við aðstæður og loks raunsæisrökleiðslu sem tekur mið af tímaramma, stjórnsýslu, réttindum og mögulegum úrræðum.

Kaflí 8 nefnist *Iðjuþjálfun barna og unglínga*. Þar fjalla Snæfríður Þóra Egilson og Sara Stefánsdóttir um fjölbreytt starf iðjuþjálfra með börnum og unglíngum, þar sem áherslan er á teymisvinnu. Þar er einnig dregin upp mynd af svokölluðu lífsþarfalíkani (e. life needs model), sem leggur áherslu á að „þjónustan endurspegli og taki mið af breytilegum þörfum, umhverfi og viðfangsefnum barnanna“ (bls. 138).

Kaflar 9 og 10 fjalla um iðjuþjálfun fullorðinna. Sá fyrri er skrifaður af Margréti Sigurðardóttur og Valerie Harris og nefnist *Iðjuþjálfun fullorðinna I: Líkamleg heilsa og hugarstarf*. Seinni kaflann skrifa Elín Ebba Ásmundsdóttir og Sólrún Óladóttir og nefnist hann *Iðjuþjálfun fullorðinna II: Geðheilsa*. Kaflarnir gefa lesandanum innsýn í líf fullorðinna skjólstæðinga sem þurfa á ólíkri íhlutun að halda og hvernig iðjuþjálfun getur tekist á við það.

Kaflí 11 nefnist *Iðjuþjálfun aldraðra* og er skrifaður af Ingibjörgu S. Ásgeirsdóttur og Eygló Danielsdóttur. Kaflinn fjallar meðal annars um mismunandi kenningar um öldrun, það er hlédrægnikenninguna, virknikenninguna og samfellukenninguna, og hvernig þær falla að hugmyndafræði iðjuþjálfunar. Dæmi eru nefnd um mögulega íhlutun iðjuþjálfra til að auka virkni og færni skjólstæðinganna.

Kaflí 12, sem jafnframt er síðasti kaflinn, nefnist *Gagnreynt starf* og er eftir Margréti Sigurðardóttur. Þar er fjallað um skilgreiningar á gagnreyndu starfi, sem felur meðal annars í sér að þegar teknar eru ákvarðanir um meðhöndlun sjúklínga „er stuðst við nýjustu og bestu upplýsingarnar og þær nýttar á gagnrýninn og yfirvegaðan hátt“ (bls. 213). Einnig felur gagnreynt starf í sér að „samþætta bestu rannsóknarniðurstöður, reynslu fagmannsins og gildi sjúklíngsins“ (bls. 213). Í kaflanum er gerð grein fyrir áhugaverðri könnun á stöðu þessarar aðferðar hér á landi.

SKÍRSKOTUN TIL ANNARRA FRÆÐIGREINA

Greinasafnið *Iðja, heilsa og velferð: Iðjuþjálfun í íslensku samfélagi* gefur áhugaverða inn-sýn í þróun iðjuþjálfunar og iðjufræða. Sú staðreynd að iðjuþjálfar hér á landi hafa allt fram á þennan dag mest sótt menntun sína til útlanda hefur valdið því að iðjuþjálfar hefur stundum skort orðfæri til að tjá sig á íslensku og samþætta fræðin íslenskum veruleika. Eitt af því sem styrkti framgang iðjuþjálfunar og sjálfsmynd iðjuþjálfar var því útkoma bókarinnar *Iðorð í iðjuþjálfun* árið 1996 (Iðjuþjálfafélag Íslands, 1996). Greinasafnið endurspeglar að hluta þá nýorðasmíð sem þar er kynnt.

Bókin stenst fullar fræðilegar kröfur og lesandinn hnýtur um fáa málfarslega agnúa. Hverri grein fylgir áhugaverður textarammi, oftast til að færa fræðilegu skrifin nær vettvangi, og tekst það vel. Eitt það áhugaverðasta við bókina er að hún miðlar ekki einungis auknum skilningi á starfi iðjuþjálfar, heldur vekur hún einnig athygli á hugmyndafræðilegri þróun og jafnvel átökum sem fræðin hafa þurft að glíma við. Bókinni tekst þannig bæði að miðla vel til lesandans því sem fagið iðjuþjálfun stendur fyrir, en einnig þeim hugmyndafræðilegu öldum sem fræðin hafa þurft að stíga. Þar má nefna togstreitu á milli hug- og félagsvísinda annars vegar og heilbrigðisvísinda hins vegar. Eða á milli „smættunarhyggju líflæknisfræðinnar og heildarhyggju frumkvöðlanna“ (bls. 38). Einnig er fjallað á áhugaverðan hátt um samspil sálar og líkama, tengslin á milli fræða og starfs eða kenninga og hversdags. Því er bókin verðugt framlag til fræðilegrar umræðu, ekki einungis fyrir iðjuþjálfar, heldur á hún erindi við mun breiðari hóp.

HEIMILD

Iðjuþjálfafélag Íslands. (1996). *Iðorð í iðjuþjálfun: Hugtök og skýringar*. Reykjavík: Höfundur.

UM HÖFUNDINN

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (glr@hi.is) er prófessor í félagsfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Hún útskrifaðist með doktorspróf í félagsfræði frá Lúndarháskóla í Svíþjóð árið 1995. Um árabíl vann hún á rannsókn- og heilbrigðisdeild Vinnueftirlitsins. Meginrannsóknasvið Guðbjargar Lindu er félagsfræði atvinnulífs, vinnutengd heilsa og kynjafélagsfræði.